

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 219 9. maí 1979 um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. gr. orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík, skal á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar hvor í sínu lögsagnarumdæmi fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar og Seltjarnarneskaupstaðar, þannig að ein bifreið komi á hverja 250 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þar til rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin skal úthluta þriðja hverju leyfi, er losnar og einu leyfi fyrir hverja 1000 íbúa fjölgun. Komi mjög fá leyfi til úthlutunar samkvæmt 1. málslíð þessarar málsgreinar er heimilt að fresta úthlutun til næsta árs.

2. gr.

C-liður 2. mgr. 5. gr. orðist þannig:

Vottorð frá manntalsskrifstofunni um að umsækjandi eigi lögheimili í Reykjavík, Kópavogskaupstað eða Seltjarnarneskaupstað.

4. mgr. 5. gr. orðist þannig:

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga jafnan lagður til grundvallar þannig, að sá sem hefur lengstan starfsaldur, gengur fyrir. nema sérstakar ástæður mæli gegn því, enda verði hann, ef hann fær atvinnuleyfi, búsettur í Reykjavík, Kópavogskaupstað eða Seltjarnarneskaupstað.

3. gr.

6. gr. orðist þannig:

Atvinnuleyfi skulu gefin út af þremur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn.

Skal einn þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Framma, einn af launþegum, sem ekki eru sjálfseignarbifreiðastjórar, en formanninn skipar ráðherra án tilnefningar. Rétt til að velja úthlutunarmann úr hópi launþega hafa þeir einir sem eru starfandi sem slíkir og hafa verið það óslitið undanfarandi 6 mánuði. Skulu atvinnuleyfi og tilkynningar um þau undirrituð af úthlutunarmönnum. Tilnefningar eru til eins árs í senn fyrir úthlutunarmann tilnefndan af launþegum, en til þriggja ára fyrir hina úthlutunarmennina.

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna sker samgönguráðuneytið úr.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu vera vörslu Bifreiðastjórafélagsins Framma, sem síðan tilkynnir útgáfuna, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Engum má úthluta fleiri en einu atvinnuleyfi.

Úthlutunarmönnum er einnig skylt að líta eftir að ákvæðum reglna og laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt og er þeim heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir brjóti leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða, sbr. 2. mgr. 5. gr. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

4. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist þannig:

Þeir bifreiðastjórar sem vinna þau störf, sem talin eru í b-lið 14. gr. og 1. mgr. 16. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

5. gr.

C-liður 14. gr. orðist þannig:

Ef leyfishafi deyr, heldur maki hans atvinnuleyfinu í allt að 3 ár frá dauða hans, ef maki æskir þess, enda sé bifreiðastjórinn félagi í stéttarfélagi bifreiðastjóra.

6. gr.

2. mgr. 16. gr. falli niður.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 78 30. janúar 1981 og nr. 642 10. nóvember 1981 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 12. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um tilnefningu Arnarflugs hf. til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og loftferðasamningi milli Íslands og Hollands frá 22. mars 1950, hefur samgönguráðuneytið í dag tilnefnt Arnarflug hf. til að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Íslands og Hollands.

Tilnefning þessi kemur í stað tilnefningar til handa Iscargo hf. til sams konar flugs, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 17. október 1980 og auglýsingar nr. 582 18. október 1980, enda hefur það félag afsalað henni með bréfi, dags. 10. þ.m.

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Apóteks Austurlands.

Skv. heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Apóteks Austurlands frá og með 1. apríl 1982, vera sem hér segir: